

Sp.

554. Frumvarp til laga

um greiðslu verðlagsuppbótar á laun embættismanna og starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana.

(Eftir eina umr. í Nd.).

1. gr.

Frá 1. jan. 1940 skal greiða verðlagsuppbót á laun embættismanna og starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana eins og segir í lögum þessum.

2. gr.

Við ákvörðun þessarar verðlagsuppbótar skal fylgja þeim reglum, sem settar eru í 2. gr. laga nr. 51 12. febr. 1940, þannig að til 1. flokks skulu teljast laun 300 kr. eða minna á mánuði, til 2. flokks laun frá 300—400 kr. á mánuði og til 3. flokks laun yfir 400 kr. á mánuði. Þó skulu þeir enga verðlagsuppbót fá, sem hafa 8000 kr. eða meira í laun samanlagt frá rikissjóði og þeim stofnunum, sem rikið á eða styrkir eða settar hafa verið á með löggjöf. Verðlagsuppbót má aldrei vera hærri en svo, að laun að henni viðbætti nemi 8000 krónum. Miða skal við skattaframtal næsta árs áður, þar til skattaframtal liggur fyrir næst. Lágmark launa og verðlagsuppbótar samanlagt má ekki vera lægra en hámark launa og uppbótar í næsta flokki fyrir neðan.

3. gr.

Nú tekur sami maður laun eða þóknun úr rikissjóði fyrir fleira en eitt starf, og skal þá reikna verðlagsuppbótina af laununum samanlagt.

4. gr.

Verðlagsuppbót greiðist einnig á eftirlaun og styrktarfé samkv. 18. gr. fjárlaga. Hafi maður, sem nýtur eftirlauna eða styrktarfjár, einnig launað starf úr rikissjóði, greiðist verðlagsuppbótin af fjárhæðunum samanlagt.

5. gr.

Nú fylgja embætti eða starfi hlunnindi, svo sem leigulaus bústaður, fritt ljós og hiti o. s. frv., og greiðist ekki verðlagsuppbót á slík hlunnindi. Á húsaleigustyrk greiðist ekki heldur verðlagsuppbót.

6. gr.

Embættismönnum, sem fá greitt skrifstofufé úr rikissjóði, er heimilt að greiða starfsfólki sínu verðlagsuppbót samkvæmt þeim reglum, sem að framan greinir, gegn endurgreiðslu úr rikissjóði, eftir reikningi, er fjármálaráðherra úrskurðar.

7. gr.

Verðlagsuppbótin greiðist á laun embættismanna að viðbætti þeirri dýrtiðaruppbót, sem nú er greidd samkvæmt lögum.

8. gr.

Verðlagsuppbótin greiðist eftir á, mánaðarlega í senn, og miðast við vísitölu þá, sem ákveðin er í byrjun ársfjórðungsins.

9. gr.

Rísi ágreiningur út af flokkun launa eða ákvörðun og greiðslu verðlagsuppbótar samkvæmt lögum þessum, sker fjármálaráðherra úr, en heimilt er að leggja ágreininginn undir úrskurð dómstólanna.

10. gr.

Ákvæði 5. gr. laga nr. 51 12. febr. 1940 falla úr gildi með gildistöku þessara laga.

11. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, ef fjárhagslegir örðugleikar vaxa verulega, að fella niður verðlagsuppbót samkvæmt lögum þessum að nokkru eða öllu leyti.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.